


1 Afstöðumynd
1:500




2 Útlit Austur
1:100

STÆRÐIR GESTASTOFA

| | |
|---|---|
| Kjallari 229,3 m$^2$ | 642,2 m$^3$ |
| 1.hæð 223,1 m$^2$ | 673,7 m$^3$ |
| 2.hæð 136,0 m$^2$ | 513,4 m$^3$ |
| Samtals gólffl. 590,3 m$^2$ | Samtals rúmmál 1880,7 m$^3$ |

STÆRÐIR FYRIR BREYTINGAR

580,8 m$^2$ (FMR)

STÆKKUN

13.5 m$^2$ 44,89 m$^3$

**GESTASTOFA SKÁLHOLTI**

**LANDNR. L167166 Stgr. 8721-2-00082000**

**Matshl. 16-0101**

Vígslubiskupshús á Skálholti var byggt árið 1956.

Upprunalegur hönnuður: Hörður Bjarnason arkitekt, Húsameistari ríkisins.

**UMSÓKN ÁGÚST 2020**

**Breytingar á Vígslubiskupshúsi í Skálholti**

Vígslubiskupshús í Skálholti er aðlagað að nýrri og breyttri starfsemi. Það mun fá nýtt hlutverk og heiti sem Gestastofa Skálholts. Brýn þörf er fyrir umbætur á aðstöðu til móttöku gesta og aðgengismálum.

Húsið skiptist í 3 hluta: Aðalhús (kjallari og 2 hæðir), tengibygging og bílageymsla með kjallara. Umsókn þessi fjallar um húsið og nærliggjandi útisvæði.

**Starfsemi**

Blönduð starfsemi er í húsinu.

Tengibyggingin með nýja aðalinnganginum tekur á móti gestum, þar verða upplýsingar um staðinn og hvað svæðið hefur uppá að bjóða. Á aðra hönd þar sem áður var bílgeymsla verður salerniskjarni sem þjónar gestum svæðisins, á hina höndina er gert ráð fyrir kaffi-veitingasölu fyrir 40-50 manns. Með þeim þjónustu- og starfsmannarýmum sem til þarf. Eldhúsið fyrir kaffisölu er framreiðslu/móttöku eldhús.Möguleiki verður á að hita upp mat og kæla. Veitingar sem verða til sölu verða matreiddar í eldhúsi Skálholtsskóla..

Gert er ráð fyrir bókasafni í kjallara. Nýr inngangur verður útbúinn fyrir fatlaða með landmótun undir aðalinngangi í tengibygginu. Aðgangur fyrir almenning að bókasafni er eftir samkomulagi. Um er að ræða gömul rit með menningarlegt varðveislugildi.

Á annarri hæð í aðalhúsi eru skrifstofur vígslubiskups og organista. Gistiaðstaða verður á hæðinni fyrir kórstjóra og aðra eftir þörfum.

**Breytingar**

Lóð. Fyllt verður að tengibyggingu og bílageymslu austan megin og lokað fyrir hluta dyra- og gluggaopa í kjallara. Stoðveggur verður settur upp meðfram tengibyggingu og aðalhúsi frá kjallara að 1.hæð til að styðja við nýtt plan að austanverðu. Grafið verður frá tengibyggingu að vestanverðu fyrir nýja aðkomu að kjallara.

Ný aðkoma að Gestastofu verður í endurbættri tengibyggingu á austurhlið. Bílastæðum fyrir hreyfihamlaða er komið fyrir næst inngangi hússins en önnur bílastæði eru vestan húss. Ný bílastæði fyrir hreyfihamlaða verða með hleðslustöð fyri rafmagnsbíla.

Aðalinngangur er í tengibyggingu á 1.hæð. Gólfflötur þess stækkar, með því að núverandi yfirbyggð verönd verður hluti af rýminu. Enn fremur verður aðgengi að nýrri og bættri salernisaðstöðu á efri hæð bílageymslu. Alls verða 6 salerni og 3 þvagskálar fyrir almenning á 1. hæð, þar af 1 salerni fyrir hreyfihamlaða með skiptiaðstöðu. Í kjallara er einnig eitt salerni með aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Bætt er inn hjólastólapallalyftu í aðalhús sem tengir allar hæðirnar.

**Byggingarlýsing**

Útveggir eru ýmist steinsteyptir eða hlaðnir 200-250mm þykkir.

Í kjallara og 1.hæð (salernisaðstaða) eru útveggir einangraðir að innan með 100mm steinull.

Útveggir eru múrhúðaðir að utan og innan. Efri hæð aðalhússins er timburbygging ofan á steyptri plötu.

Nýir gluggar og hurðir eru úr viðarrömmum með K-gleri.

Léttir innveggir eru byggðir úr blikkstoðum, einangraðir með steinullareinangrun og klæddir með gifsklæðningu.

Þök yfir salernisaðstöðu og tengibyggingu halda sér en verða einangruð. Enn fremur verður gengið sérstaklega frá þaki á tengibyggingu tveimur metrum næst aðalhúsi vegna sambrunahættu / brunaskila.

**Hitun og lagnir**

Húsið er hitað með hefðbundinni ofnahitun, nema í bókasafni í kjallara verður gólfhiti.Allar pípulagnir verða endurnýjaðar. Ný salerni verða loftræst með vélrænni loftræsingu skv. reglugerð.

**Aðgengi**

Allar nýjar útidyr í húsinu eru með hindrunarlausa umferðarbreidd a.m.k. 83 cm og hæð 2,10m. Allar nýjar innihurðir eru með hindrunarlausa umferðarbreidd a.m.k. 80 cm og hæð 2,0m. Hæðarmunur inni og úti er mestur 25mm að meðtaldri hæð á þröskuldi. Tvö salerni fyrir hreyfihamlaða eru í húsinu, eitt í kjallara og annað á 1 hæð. Salernið á 1.hæð er með hindrunarlaust 90cm breitt svæði báðu megin við salerni en salerni í kjallara er með 90 cm breitt svæði öðru megin við salerni. Það er sjálfvirkur hurðahnappur við aðalinngang. Aðgengi fyrir alla verður á lóð, í kjallara, á aðalhæð í Gestastofu og á skrifstofuhluta á 2.hæð. Hjólastólapallalyfta er staðsett við stiga í aðalhúsi og tengir allar þrjár hæðir. Snjóbræðsla verður á nýjum rampi að kjallara og á plani fyrir framan aðalinngang.

Bílastæði hreyfihamlaðra er í sama fleti og gangstétt með snjóbræðslu.

Frárennsli er í rotþró.

Sorpi er komið fyrir á lóð austan húss.

## Brunavarnartexti á aðaluppdrætti

**Notkunarskilmálar**

Bókasafn er í kjallara og veitingastaður/kaffihús er á 1. hæð hússins. Kjallari og 1. hæð eru í notkunarflokki 2, þ.e. mannvirki eða rými þar sem fólk í mannvirkinu er ekki allt nægjanlega kunnugt umhverfinu til að þekkja flóttaleiðir en er almennt fært um að bjarga sér sjálft út úr mannvirkinu eða á öruggt svæði við eldsvoða. Ekki er gert ráð fyrir að fólk gisti í rýminu.

Á 2. hæð eru skrifstofur í sérstöku brunahólfi og íbúð/gistiherbergi í sérstöku brunahólfi. Skrifstofurýmið fellur í notkunarflokk 1, þ.e. mannvirki eða rými þar sem fólk í mannvirkinu þekkir flóttaleiðir og er almennt fært um að bjarga sér sjálft út úr mannvirkinu eða á öruggt svæði við eldsvoða. Ekki er gert ráð fyrir að fólk gisti í rýminu. Íbúðin/gistiherbergin falla í notkunarflokk 3, þ.e. mannvirki eða rými þar sem gert er ráð fyrir að fólk gisti. Fólk sem er í mannvirkinu þekkir flóttaleiðir og er almennt fært um að bjarga sér sjálft út úr mannvirkinu eða á öruggt svæði við eldsvoða.

**Brunahólfun**

Bókasafn og forstofa í kjallara eru í sérstöku EI60 brunahólfi með $EI_2 30\text{-}CS_m$ dyrum. Inntaksrými, geymsla, sýning og gangur eru hvert um sig í sértöku EI60 brunahólfi. Stigahús er brunahólfað frá öðrum rýmum með EI60 veggjum og $EI_2 30\text{-}CS_m$ dyrum.

Á 1. hæð er veitingastaður ásamt upplýsinga/sýningarými í sértöku EI60 brunahólfi og starfsmannainngangur er brunahólfaður frá eldhúsi með EI60 vegg. Eldhúsið er lítið framreiðslueldhús en eldun fer ekki fram í eldhúsinu. Eldhúsið er opið inn í veitingasalinn.

Á 2. hæð er íbúð brunahólfuð frá skrifstofurými með EI90 vegg og $EI_2 60\text{-}CS_m$ dyrum. Einnig skulu hæðarskil undir íbúð uppfylla REI90 brunakröfu. Skrifstofa og íbúð er brunahólfuð frá stigahúsi með EI60 veggjum og $EI_2 30\text{-}CS_m$ dyrum. Lagnastokkur sem gengur frá inntaksrými í kjallara upp á baðherbergi á 2. hæð er í sérstöku EI60 brunahólfi en EI90 hólfun skal vera að íbúð. Þak tengibyggingar skal uppfylla EI60 brunakröfu a.m.k. 2 metra út frá húsi til að koma í veg fyrir sambrunahættu við skrifstofur á 2. hæð.

**Brunaþol burðarvirkis**

Burðarvirki byggingarinnar skal uppfylla a.m.k R60 brunakröfu en meginburðarvirki undir íbúða skal uppfylla a.m.k. R90 brunakröfu.

Hæðarskil skulu uppfylla a.m.k. REI60 brunakröfu en hæðarskil undir íbúð skulu uppfylla a.m.k. REI90 brunakröfu.

Stigar skulu uppfylla a.m.k. R30 brunakröfu.

**Yfirborðsefni og klæðningar**

Allar nýjar innanhússklæðningar lofta- og veggja skulu vera í flokki 1 ($K_2$10 B-s1,d0).

Utanhússklæðningar 2. hæðar eru í flokki 2 ($K_2$10 D-s2,d0) en á 1. hæð eru utanhússklæðningar í flokki 1 ($K_2$10 B-s1,d0).

Gólfefni eru í flokki G skv. ÍST EN 13501-1 um flokkunina $D_{fl}$-s1.

Nota skal óbrennanlega einangrun í bygginguna A2-s1,d0, nema þar sem forsamþykktar undanþágur byggingarreglugerðar heimila brennanlega einangrun.

**Flóttaleiðir**

Tvær óháðar flóttaleiðir eru úr bókasafni í kjallara hússins. Önnur liggur í gegnum forstofu og þaðan út undir bert loft en hin liggur í gegnum stigahús og fram á gang/hol og þaðan út undur bert loft. Úr sýningarsal eru tvær flóttaleiðir, þ.e. fram í stigahús eða fram á gang/hol og þaðan út undir bert loft.

Í veitingasal á 1. hæð eru tvær óháðar flóttaleiðir. Annarsvegar í gegnum stigahús, fram á gang og þaðan út undir bert loft. Hinsvegar beint út á svalir og niður tröppur.

Á 2. hæð eru tvær flóttaleiðir út úr skrifstofuhlutanum, þ.e. annarsvegar inn í stigahús og hinsvegar út á svalir þar sem komið verður fyrir fellistiga. Í íbúðarhlutanum eru einnig tvær óháðar flóttaleiðir. Önnur liggur í gegnum stigahús en hin í gegnum skrifstofurýmið og þaðan út á svalir þar sem fellistiga verður komið fyrir. Brotrofi verður beggja vegna á aðgangsstýrðum dyrum milli skrifstofurýmis og íbúðar.

Öruggum svæðum fyrir hreyfihamlaða verður komið fyrir á svalir 1. og 2 hæðar. Einnig verður staðsett öruggt svæði á gangi inn í íbúð/gistiherbergjarými á 2. hæð en hreyfihamlaðir geta komist úr skrifstofurými inn í gistirými sem er í öðru meginbrunahólfi (EI90). Samskiptabúnaði verður komið fyrir á öruggu svæði íbúðar-/gistirými. Samskiptabúnaður skal uppfylla ákvæði staðalsins BS 5839-9.

Flóttaleiðir skulu ávalt vera greiðfærar og opnast án lykils eða annars verkfæris. Flóttaleiðir eru sýndar á aðaluppdráttum.

**Neyðarlýsing**

Neyðarlýsing er skv. byggingarreglugerð, leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar, ÍST EN 1838 og EN 50172.

Flóttaleiðalýsing er 1 lux í miðlínu flóttaleiða.

Neyðarlýsing skal vera 5 lux yfir tröppum, við neyðarbúnað, slökkvitæki, samskiptabúnaði á öruggu svæði og stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis.

Svæðislýsing skal vera 0,5 lux inn á salerni fatlaðra.

Flóttaleiðalýsing skal ná 50 % af ljósstyrknum á 5 sekúndum og fullum styrk á 60 sekúndum. Öll neyðar- og leiðarlýsing skal virka í a.m.k. 60 mínútur eftir að straumleysi verður.

**Brunaviðvörunarkerfi**

Viðurkennt, sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi tengt viðurkenndri vaktstöð er í byggingunni, hannað og sett upp skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar og ÍST EN 54. Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis er staðsett í anddyri/gangi á 1. hæð hússins en þar er jafnframt skilgreind aðkoma slökkviliðs að húsinu.

**Handslökkvitæki**

Handslökkvitæki eru af viðurkenndri gerð í samræmi við ÍST EN 3. Í kjallara er 6 kg léttvatnsslökkvitæki á bókasafni og á gangi. Í inntaksrými verður 2 kg kolsýrutæki. Á 1. hæð eru 6 kg léttvatnsslökkvitæki í veitingasal, á gangi og í eldhúsi. Jafnframt verður 2 kg kolsýrutæki í eldhúsi. Í íbúð á 2. hæð verður 6 kg léttvatnsslökkvitæki. Í skrifstofurými á 2. hæð verður 6 kg léttvatnsslökkvitæki og 2 kg kolsýrutæki.

**Reyklosun**

Reyklosun er um opnanlega glugga og dyr.

**Björgunarsvæði**

Aðkoma slökkviliðs að húsinu er skilgreind í anddyri/gangi á 1. hæð hússins. Aðkoma slökkviliðs er um veg norðan megin við húsið en aðgengilegt er allan hringinn í kringum húsið.

**Viðhald og eftirlit með brunavörnum**

Eigendur/forráðamenn byggingarinnar þurfa að sinna viðhaldi og eftirliti brunavarna sbr. Reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 73/2017. Gera þarf þjónustusamning vegna eftirlits og viðhalds á brunaviðvörunarkerfi, sjálfvirku slökkvikerfi, handslökkvitækjum, slöngukeflum, leiðar- og neyðarlýsingu.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
02 sep. 2020
Byggingarfulltrúi

2020-08-28
11:44:55

ÚTGÁFA | TEIKNAÐ | YFIRFARIÐ | DAGS
BREYTINGAR

ASK ARKITEKTAR EHF
GEIRSGÖTU 9 101 REYKJAVÍK
SÍMI 515 0300 FAX 515 0319
www.ask.is

ÁRITUN HÖNNUÐAR AÐALUPPDRÁTTA
Sigurlaug Sigurjónsdóttir Arkitekt F.A.Í. kt.060767-8319
sigurlaug@ask.is

ASK ARKITEKTAR

VERKEFNI
GESTASTOFA SKÁLHOLTI
806 SELFOSS
20202553

TEGUND TEIKNINGAR
AÐALTEIKNING
HEITI TEIKNINGAR
Afstöðumynd, snið
Byggingarlýsing og greinargerðir

MKV. Í A1: 1:500 / 1:100
HANNAÐ: ASK
TEIKNAÐ: ÁBM
YFIRF.: SS
DAGS.: 28.08.2020

VERK NR.: 1768
AUÐKENNI - NÚMER TEIKNINGAR: 10-01
ÚTGÁFA

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKI ASK ARKITEKTA. EKKI SKAL MÆLA UPP AF TEIKNINGU.